

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 269/1973, um mjólk og mjólkurvörur.

1. gr.

53. gr. tölul. orðist svo:

53. gr.

- 53.1. Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu mjólkurkúa og þrifalegri umgengni í fjósum, þar sem framleidd er sölu-mjólk (sbr. lög nr. 31/1970 um dýralækna sbr. og breyting á þeim lögum nr. 43/1974 og erindisbréf dýralækna nr. 197/1971 4. gr.).

Ráðherra getur þó falið öðrum dýralæknum þetta eftirlit á tilteknum svæðum, ef henta þykir, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

2. gr.

54. gr. orðist svo:

54. gr.

- 54.1. Komist héraðsdýralæknir að því við reglulega fjósa- og kúaskoðun, að aðstaða mjólkurframleiðanda brýtur í bága við ákvæði reglugerða svo dæma verður fjós hans, hreinlætisástand þess eða jógurhreysti kúnna óviðunandi, skal héraðsdýralæknir krefjast úrbóta.

- 54.2. Þegar í stað skal héraðsdýralæknir afhenda framleiðanda skriflegar rökstuddar kröfur um það, hverra úrbóta sé þörf. Skal héraðsdýralæknir gefa framleiðanda hæfilegan frest til nauðsynlegra lagfæringa og endurbóta. Afrit af fyrirmælum þessum skal þegar í stað senda mjólkurstöðvarstjóra, yfirdýralækni og heilbrigðisnefnd. Héraðsdýralæknir skal gefa heilbrigðisnefnd ýtarlegri upplýsingar um málið óski heilbrigðisnefnd þess.

- 54.3. Héraðsdýralæknir getur í samráði við yfirdýralækni veitt frekari frest til úrbóta, ef óviðráðanlegar ástæður hafa tafið lagfæringu á framleiðsluskilyrðum, svo sem langvinn veikindi framleiðanda, slys, óhagstæð veðráttu og náttúruhamfarir.

Hyggist framleiðandi hætta mjólkurframleiðslu fyrir fullt og allt má veita honum undanþágu frá því að bæta úr, þó ekki lengur en í 6 mánuði.

- 54.4. Þegar veittur er tímabundinn frestur til úrbóta (sbr. 54.1—3) skal héraðsdýralæknir afhenda framleiðanda dýralæknisvottorð, er heimili sölu á mjólk, en aðeins þar til hinn tilskildi frestur til úrbóta er liðinn. Afrit þessa vottorðs skal senda mjólkurstöðvarstjóra, yfirdýralækni og heilbrigðisnefnd. Eldra vottorð dýralæknis um mjólkursölu fellur þá sjálfkrafa úr gildi.

- 54.5. Nú telur héraðsdýralæknir, eftir að veittur frestur er liðinn, að enn sé ástand í fjósi mjólkurframleiðanda óviðunandi, þar sem ekki hafi verið sinnt ítrekuðum kröfum eða þeim eigi sinnt á viðhlítandi hátt, og skal héraðsdýralæknir þá loka fyrir sölu mjólkur úr fjósi framleiðanda með skriflegum rökstuddum fyrirmælum að loknum skömmum lokafresti.

- Eigi má héraðsdýralæknir grípa til slíkra stöðvunarráðstafana nema að fengnu samþykki yfirdýralæknis og Heilbrigðiseftirlits ríkisins.
- 54.6. Héraðsdýralæknir skal senda skýrslu um stöðvun og aðdraganda hennar til mjólkurstöðvarstjóra tafarlaust. Einnig skal héraðsdýralæknir senda yfirdýralækni og heilbrigðisnefnd afrit af þessum fyrirmælum.
 - 54.7. Verði héraðsdýralæknir þess var, að svo sé áfátt heilbrigði mjólkurkúa, umgengni, húsakosti, eða að mjólkinni sé spillt svo í meðferð, að hætta geti stafað af fyrir neytendur, t. d. vegna bráðrar júgurbólgu, veiruskitu, spenbólgu, miltisbruna, salmonellasýki, eða ef sóðaskapur er áberandi við mjaltir og meðferð mjólkur, þrif mjaltaáhalda og mjólkuriláta, þá skal héraðsdýralæknir þegar í stað stöðva sölu mjólkur frá því kúabúi, og láta framleiðanda í té rökstudd skrifleg fyrirmæli um það. Dýralæknisvottorð varðandi mjólkursölu framleiðanda fellur sjálfkrafa úr gildi meðan á slíkri stöðvun stendur.
 - 54.8. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi mjólkurstöðvarstjóra um ákvörðun sína og krefjast þess, að hætt verði móttöku mjólkur frá viðkomandi kúabúi um stundarsakir. Jafnframt skal héraðsdýralæknir tilkynna heilbrigðisnefnd um ákvörðun sína og gera henni ýtarlegri grein fyrir ákvörðun sinni ef þurfa þykir, eða ef heilbrigðisnefnd óskar þess.
 - 54.9. Mjólkurstöðvarstjóra er skylt að taka til greina fyrirmæli héraðsdýralæknis um sölubann um stundarsakir og tilkynna framleiðanda tafarlaust að móttaka mjólkur frá honum sé stöðvuð.
 - 54.10. Héraðsdýralæknir skal tafarlaust leita staðfestingar á ákvörðun sinni um slíka bráðabirgðastöðvun hjá yfirdýralækni.
 - 54.11. Hafi bann verið lagt á sölu mjólkur frá framleiðanda um stundarsakir, þá skal héraðsdýralæknir fylgjast vel með því hvað líður úrbótum eða gangi sjúkdóms, sé slíku til að dreifa.
 - 54.12. Þegar héraðsdýralæknir telur fært, að undangenginni athugun, að heimila sölu mjólkur á nýjan leik, skal hann án tafar tilkynna framleiðanda það, viðkomandi mjólkurstöðvarstjóra, heilbrigðisnefnd og yfirdýralækni með bréfi. Skal héraðsdýralæknir þá láta framleiðanda í té nýtt dýralæknisvottorð, er heimilar sölu mjólkur frá búinu í stað þess er áður gildi.
 - 54.13. Framleiðanda sölumjólkur er skylt að leyfa opinberum eftirlitsmönnum aðgang að kúabúum sínum til skoðunar, hvenær sem óskað er, hvort sem um er að ræða reglubundið eftirlit eða skoðun að gefnu tilefni. Þeir eftirlitsmenn, sem koma til greina eru: héraðsdýralæknir, sér lærdur eftirlitsmaður eða mjólkurstöðvarstjóri viðkomandi mjólkurstöðvar, fulltrúar heilbrigðisnefnda og Heilbrigðiseftirlits ríkisins.
 - 54.14. Nú neitar framleiðandi eftirlitsmanni leyfi til skoðunar og skal þá eftirlitsmaður samstundis kæra það til viðkomandi sýslumanns og krefjast þess, að mjólkurstöðin stöðvi móttöku mjólkur frá viðkomandi framleiðanda um stundarsakir.
 - 54.15. Að lokinni fjósaskoðun um áramót skulu héraðsdýralæknar semja yfirlitsskýrslu um fjósaskoðun og júgursjúkdóma mjólkurbúa á eyðublöð, er yfirdýralæknir lætur þeim í té og skal skýrslan send yfirdýralækni, Heilbrigðiseftirliti ríkisins og viðkomandi mjólkurstöð fyrir 1. júlí ár hvert.
 - 54.16. Í skýrslunni skal getið í samræmi við fjósaskoðunarvottorð dýralækna:
 - a) Kúabúa, sem eru í 1. flokki.
 - b) Kúabúa, sem eru í 2. flokki, með mjólkurhús.
 - c) Kúabúa í 2. flokki, sem hafa ekkert eða óviðunandi mjólkurhús.
 - d) Kúabúa með fjós í 3. flokki.
 - e) Kúabúa, sem selja mjólk beint til neytenda.

54.17. Héraðsdýralæknar skulu senda yfirdýralækni og Heilbrigðiseftirliti ríkisins afrit af fjósaskoðunarvottorðum næstliðins árs fyrir 1. ágúst ár hvert, og skal yfirdýralæknir hafa greiðan aðgang að þeim.

Sömuleiðis er héraðsdýralæknum skylt að afhenda viðkomandi mjólkurstöð jafnóðum afrit fjósaskoðunarvottorða.

54.18. Mjólkurframleiðandi greiðir samkv. „Gjaldskrá fyrir dýralækna“ fyrir hina árlegu kúaskoðun.

54.19. Nauðsynlegar aukaskoðanir að mati héraðsdýralæknis greiðist af viðkomandi mjólkurbúi, sem síðan getur krafist endurgreiðslu af viðkomandi aðila.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustu-
hætti og heilbrigðiseftirlit, samanber og lög nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með
matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og að höfðu samráði við landbún-
aðarráðuneytið hvað snertir þá þætti, sem dýralæknar eiga að sjá um og öðlast gildi
þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

16. desember 1975.

Nr. 541.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Stokkseyrarhreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu
til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Upphæð gjaldsins skal miðuð við kostnað við eftirlit með hundum í hreppnum.
- Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir-
mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.
- Skráðum bændum skal heimilt að hafa 1 hund án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir